

Stuðningsyfirlýsing við þingsályktunartillögu Pírata

Reykjavík, 3. apríl 2017

Frá mannauðsstjóra Listaháskóla Íslands

Mál nr. 143

Húsnæði Listaháskóla Íslands

Sem mannauðsstjóri Listaháskóla Íslands lýsi ég yfir eindregnum stuðningi við þingsályktunartillögu Pírata sem fjallar um húsnæði skólans.

Í þeim eina listaháskóla sem íslenska þjóðin á hefur starfsfólki og nemendum frá upphafi verið búin óásættanleg aðstaða á dreif um borgina. Markmiðum um þverfaglega samvinnu ólíkra listgreina og hönnunar verður ekki náð í því fyrirkomulagi sem skólanum er nú búið.

Í daglegri starfsemi er ljóst að áskoranir eru miklar fyrir starfsfólk og stjórnendur sem halda úti starfsemi við að miklu leiti óviðunandi aðstæður, sér í lagi í húsnæði skólans við Sölvhólsgötu 13 þar sem tónlistardeild og sviðslistadeild eru staðsett. Í húsnæði skólans á Sölvhólsgötu og í Laugamesi eru þar að auki ekkert eða mjög skert aðgengi fyrir fatlaða þar sem ekki eru lyftur til staðar.

Það að búa við langvarandi húsnæðisvanda með engar lausnir í sjónmáli grefur undan ánægjunni af annars framúrskarandi innra starfi og eykur á streitu og álag á meðal starfsfólks, auk þess sem dreifing starfseminnar er til þess fallin að draga úr samheldni starfsmannahópsins, samþættingu starfsins og hagræðingar í rekstri.

Viðhorfskannanir sem gerðar eru innan skólans mæla mikla óánægju á meðal starfsfólks með aðstöðu og aðbúnað en 80% akademískra starfsmanna telja vinnuaðstöðu sína hvað varðar rými og aðstöðu vera slæma. Sama má mæla á þeim könnunum sem reglubundið eru lagðar fyrir nemendur.

Vandinn er brýnn og hefur verið lengi. Það er í höndum stjórnvalda að leysa vandann til frambúðar og búa þannig um háskólamenntun á fræðasviði lista að sómi sé af.

Sóley Björt Guðmundsdóttir,
mannauðsstjóri Listaháskóla Íslands